

**Sþ.**

## **27. Tillaga til þingsályktunar**

um byggingu lækisbústaðar í Flateyjarhéraði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera allan nauðsynlegan undirbúning til þess, að byggður verði lækisbústaður í Flateyjarhéraði svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en fyrir árslok 1948, og heimilar til þess fé úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Í hartnær áratug hefur Flateyjarhérað verið lækislaust. Allan þennan tíma hafa íbúar héraðsins orðið að vitja lækis til Stykkishólans, en leið sú er allt í senn, löng, erfið og hættuleg, er fara verður hana jafnt að vetri sem sumri og að nóttu sem degi, ef hjálpin er aðkallandi. Heilbrigðisstjórnin hefur sjálfsagt gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að tryggja héraðinu lækisþjónustu, en allan þennan tíma hefur henni þó ekki orðið annað né meira ágengt en að fá héraðslækni úr mjög umsvifamiklu og erfiðu héraði til þess að ljá Flateyjarhéraði þjónustu sína fyrir helming lögboðinna lækislauna. Má öllum vera ljóst, hversu slík ráðstöfun er gersamlega óviðunandi fyrir íbúana árum saman og enda fyrir alla aðila.

Í fyrstu var áliðið, að þegar samgöngur kæmst á að nýju við Norðurlönd, mundi mjög rætast úr lækisnaskorti hinna fámennu héraða, þar sem fjöldi lækisnema væri útilokaður frá heimkomu á meðan ófriður geisaði í álfunni, en hátt á þriðja ár er nú liðið síðan ófriðnum lauk og lækisnemarnir komnir heim, án þess að hverfa til þjónustu í þeim héruðum, sem enn eru lækislaus. Er því fullkomlega tímabært að taka til alvarlegrar athugunar, hvernig bæta skuli úr þessu ástandi, sem er algerlega óviðunandi til lengdar.

Það verður ekki um það deilt, að fyrsta og bezta úrbótin er að koma upp bústað, svo að unnt sé að uppfylla þá frumkröfu væntanlegs lækis, að hann hafi öruggt skýli yfir höfuðið, því að án þess er vonlaust að fá nokkurn lækni til að setjast að í þessu héraði. Héraðið hefur hins vegar enga fjárhagslega möguleika til þess að leggja fram á móti ríkissjóði lögboðinn hluta til byggingar lækisbústaðar. Og er þá ekki nema um tvennt að velja, að ríkissjóður greiði allan kostnað of byggingunni eða að láta héraðið enn vera lækislaust um áratug eða meira, en slíkt ástand er að sjálfsögðu algerlega óþolandi.

Í Flatey er nú verið að koma upp fiskiðjuveri og útgerð til þess að auka þar atvinnu og bæta kjör fólksins. Þegar veginum á milli Patreksfjarðar og Brjáns-lækjar er lokið, hljóta að aukast mikið samgöngur yfir Breiðafjörð með viðkomu í Flatey. Allt kallar þetta á örugga lækisþjónustu í sjálfu héraðinu, sem ekki er hægt að neita um. Kostnaðurinn og öryggisleysið, sem íbúar héraðsins eiga við að búa nú, er þeim slíkur baggi ofan á alla aðra erfiðleika, að þeir fá ekki risið undir því takmarkalaust. Barátta þeirra fyrir því að halda þessum sveitum í byggð, er sannarlega nógu hörð, þótt ekki bættist hér ofan á allt það öryggisleysi, sem því er samfara að hafa héraðið lækislaust árum saman.

Ég vænti þess því, að mál þetta mæti fullri vinsemd þingmanna og verði afgreitt án andstöðu á þessu þingi.